

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um váttryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson og Þóru Hjalte-  
sted frá viðskiptaráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Fjármálaeftirlitinu, Sambandi  
íslenskra tryggingafélaga, Samtökum banka- og verðbréfafyrirtækja, Verslunarráði Íslands  
og Samtökum atvinnulífsins.

Með frumvarpinu er lagt til að reglur EES-réttar, sem kveða á um lágmarkssamræmingu  
að því er varðar gjaldþol váttryggingafélaga, verði lögfestar. Fram kom á fundum nefndarinn-  
ar að ekki væri ástæða til að ætla að breytingarnar leiddu til hækkunar iðgjalda.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að breytingarnar taki þegar gildi, en samkvæmt  
EES-reglunum er ekki gerð krafa um að gjaldþol sé reiknað með þeim hætti sem í frumvarp-  
inu greinir fyrir en á reikningsárinu 2004. Nefndin telur ekki efni til að ganga lengra en krafa  
er gerð um og leggur því til að þær greinar frumvarpsins sem varða útreikning gjaldþols komi  
fyrst til framkvæmda við eftirlit sem byggist á ársreikningum vegna reikningsársins 2004.  
Þá leggur nefndin til smávægilega orðalagsbreytingu á 2. tölul. 1. efnismgr. 2. gr. Breytingin  
hefur ekki efnisbreytingu í för með sér.

Nefndin telur rétt samkvæmt ábendingu Fjármálaeftirlitsins að benda sérstaklega á mis-  
skilning sem fram kemur í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins. Þar segir: „Kveðið verði  
á um að nota skuli þá fjárhæð sem hærrí er af iðgjöldum ársins og bókfærðum iðgjöldum til  
þess að reikna lágmarksgjaldþol. Breyting þessi verður til þess að lágmarksgjaldþol váttryg-  
gingafélags með vaxandi umsvif getur orðið herra en eftir eldri reglum, en þá eru bókfærð ið-  
gjöld hærri en iðgjöld ársins, vegna þess að iðgjöld eru greidd fyrir fram.“ Hið rétta er að  
frumvarpið mun hafa í för með sér að lágmarksgjaldþol váttryggingafélags með minnkandi  
umsvif, ekki vaxandi, geti orðið herra en eftir eldri reglum, en þá eru iðgjöld ársins hærri en  
bókfærð iðgjöld þar sem váttryggingartakar sem ekki endurnýja váttryggingar eru fleiri en  
nýir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

### BREYTINGUM:

1. Orðin „í ferðamannaáðstoð“ í 2. tölul. 1. efnismgr. 2. gr. falli brott.

Prentað upp.

2. Við 9. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Greinar laga þessara sem varða útreikning gjaldþols koma þó fyrst til framkvæmda við eftirlit sem byggist á ársreikningum vegna reikningsársins 2004.

Alþingi, 13. febr. 2003.

Einar K. Guðfinnsson,  
form., frsm.

Pétur H. Blöndal.

Guðjón Guðmundsson.

Páll Magnússon.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ögmundur Jónasson.